


Nafn:

Brunavarnir



Á hverju heimili skal vera handslökkvitæki, eldvarnateppi og reykskynjari.

Handslökkvitæki á að vera við útgönguleið og vel sýnilegt.

Mikilvægt er að allir á heimilinu viti hvar slökkvitæki eru geymd og hvernig á að nota þau. Duftslökkvitæki eru ætluð á alla elda.

Oft getur þó þurft að nota vatn á eftir til að tryggja að búið sé að slökkva alla glóð.

Eldvarnateppið er lagt yfir það sem brennur, t.d. pönnu eða pott með olíu eða feiti. Ef það logar í gegnum teppið þá þarf að taka teppið af og slökkva í því t.d. með því að trampa á því og byrja upp á nýtt.

Reykskynjarar eru ódýr öryggistæki. Skerandi vælið í þeim getur bjargað mannlífum. Þeir þurfa að vera á réttum stað, vera í lagi og með góða rafhlöðu.


Fyrstu viðbrögð við eldsvoða er að láta alla í húsinu vita.

Reyna að hjálpa fólki út úr húsi og loka um leið öllum hurðum.

Hringja í **112** og reyna að slökkva eldinn ef hann er mjög lítill.


Forða sér út ef eldurinn eykst þrátt fyrir tilraunir til að slökkva.

 <https://www.youtube.com/watch?v=Egs7j3QKAR8>



Tengdu saman orð og mynd. Skrifaðu númer í reiti.


1. Brunavarnir 2. Handslökkvitæki 3. Eldvarnarteppi 4. Reykskynjari 5. Útgönguleið 6. Rafhlöður	<input type="text"/>		<input type="text"/>	
	<input type="text"/>		<input type="text"/>	
	<input type="text"/>		<input type="text"/>	



Á hverju heimili skal vera:

_____ ,
 _____ og

- eldvarnarteppi
- reyskynjari
- handslökkvitæki



bjargað	Reyskynjari	mannslífum.	getur
---------	-------------	-------------	-------

brunavarnir

útgönguleið

rafhlöður

eldvarnarteppi

slökkvitæki

reykskynjari

